

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um Einangrunarstöðina í Reykjanesbæ.

1. *Hver er og hefur verið meðalbiðtími fyrir gæludýr í Einangrunarstöðina í Reykjanesbæ síðustu þrjú ár?*

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið aflaði hjá Einangrunarstöðinni í Reykjanesbæ er meðalbiðtími 4–6 mánuðir, eftir því hvernig hann er metinn.

2. *Telur ráðherra ástæðu til að bregðast með einhverjum hætti við löngum biðtíma eftir plássu í Einangrunarstöðina og ef svo er, hvernig?*

Einangrunarstöðin er einkarekið fyrirtæki og ekki á færi ráðherra að hlutast til um rekstur hennar. Öllum er frjálst, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að byggja og reka slíkar stöðvar.

3. *Hefur komið til skoðunar í ráðuneytinu að breyta fyrirkomulagi innflutnings á gæludýrum og taka t.d. upp evrópska gæludýrapassann?*

Ráðuneytið er að láta vinna áhættumat fyrir innflutning á hundum og köttum. Til verksins var fenginn fyrrverandi yfirdýralæknir Danmerkur. Hann mun skila áhættumati á næstunni, sem verður m.a. lagt til grundvallar þegar metið verður hvort rétt sé að gera breytingar á gildandi fyrirkomulagi.